

Stjórnarfundur
FORMA
nr. 6
2009 – 2010

Staður: Gamli skóli

Dags: 12. maí 2010

Tími: kl. 17:00

Mætt: Þórleifur Stefán Björnsson, Elín E. Magnúsdóttir, og Ívar Ragnarsson.

1. Fundarsetning

Þórleifur setti fund og stjórnaði honum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (14.apríl) borin upp til samþykktar og hún samþykkt.

3. Fundur Þórleifs og Hrefnu með Jóni Má skólameistara.

Þórleifur og Hrefna fóru til fundar við skólameistara til að ræða málefni heimavistarinnar s.br. 4 lið síðasta fundar.

Skólameistari lýsti ánægju sinni með þann áhuga sem stjórn Forma sýnir skólanum og hinum ýmsu málum sem þar eru á dagskrá.

Þ og H lýstu áhuga Forma á að skálaferðirnar yrðu teknar upp aftur enda teljum við það góðan þátt í hópefli nemenda og buðu fram krafta Forma til að milliganga það að foreldrar veru með í umsjón skálaferðanna ef skólinn teldi það kost í stöðunni og að það mætti verða til þess að skálaferðirnar yrðu teknar upp aftur. Jón Már þakkaði boðið og mun skoða málið nánar.

Rætt var um frjálsan aðgang nemenda heimavistar að internettengingum allan sólarhringinn en fram kom á forvarnarfundinum 14. apríl sem og í samtölum stjórnar Forma við foreldra nemenda áhyggjur af þessu og jafnframt virtust margir foreldrar ekki hafa gert sér grein fyrir þessu frjálsræði sem börn þeirra detta inn í á heimavistinni. Það er staðreynd að brottfall úr skólanum er mest meðal drengja sem búa á heimavistinni og við það má ekki unna heldur verður að sporna gegn því með öllum ráðum.

Einnig var rætt um aðkomu hasshunds að skólanum og heimavistinni. Síðast þegar hundur kom í heimsókn kom í ljós töluverður skoðanamismunur meðal nemenda og kennara um ágæti þess að hundurinn kæmi í húsnæði skólans.

Jón Már tók vel í að skoða þessi mál en benti m.a. á að breyta þyrfti húsreglum í einhverjum tilfellum.

Stjórn Forma vill benda á að foreldrar sem hafa haldið uppi reglum hvað varðar netnotkun heima fyrir geta engan vegin sætt sig við ótakmarkaðan aðgang að interneti á heimavistinni. Varðandi fyrirfram skilgreindar heimsóknir hasshunds í skólann (t.d. 2 sinnum á önn) þá teljum við það styrk fyrir skólann og ekki síður nemendur í baráttu þeirra gegn vímuefnum í skólanum að geta bent á að hann geti komið þar fyrirvaralaust. Eiga foreldrar að sætta sig við að börn þeirra flytjist að heiman og inn í einhverskonar fríríki hvað varðar internetnotkun og vímuefni eða vill skólinn hafa þessa hluti sem skilgreindan hluta þess sem nemendur og foreldrar gangast undir við skráningu á heimavistina?

4. Skipan nýrrar stjórnar Forma veturinn 2010/2011.

Eins og áður hefur komið fram þá munu Þórleifur, Anna og Hrefna ganga úr stjórn Forma. Elín E Magnúsdóttir mun kanna hvort fleiri detta út og koma fram fyrir hönd Forma á kynningarfundinum í haust þegar Forma verður kynnt fyrir foreldrum nýnema og leitað verður nýrra aðila til stjórnarsetu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið upp úr kl. 17.43

Ívar Ragnarsson
ritari